

Foreldrafundur leikskólabarna haldinn í Lundi 16.október kl. 17:30

Lagt var upp með að hafa fundinn að mestu sem spjallfund út frá starfseminni sem kynnt var, þar með talið dagskipulag deildanna.

Upplýsingar um starfið

Það sem af er þessu skólaári hefur Lundarkot verið að aðlaga sig breytingum sem óhjákvæmilega verða eftir sumarleyfi. Til dæmis var ákveðið að hafa bara tvær deildir í vetur vegna fækkunar á börnum.

Á Hálsakoti eru 9 börn. Þar byrjum við daginn á því að koma saman í litlu stofunni og skoðum bækur eða eitthvað í rólegheitum. Þar fer fram góð málörvun þar sem myndir eru skoðaðar og talað saman. Þegar morgunmaturinn er búinn förum við yfir í stærra herbergið og skiptum börnunum í hópa. Þar er margskonar leikefni og nóg að gera. Það er alltaf auðveldara að ná til þeirra þegar þau eru færri í hóp og minna áreiti til dæmis við föndur. Eftir morgunmatinn er samvera þar sem við setjumst niður og syngjum. Við erum líka nýbyrjuð á veðurathugunum. Eitt barn er valið til að vera veðurfræðingur og kíkir á veðrið. Nöfn barnanna eru í röð á veggnum og efsta nafnið er veðurfræðingur. Vegna aldurs höfum við bara fjögur tákni eða myndir til að festa á spjaldið. Á spjaldinu tökum við svo saman á föstudögum hvað er oft búið að vera t.d. sól eða snjókoma. Þetta verkefni þjálfar orðaforða og tölur og alltaf hægt að bæta við spjöldum ef þetta gengur vel. Jafnvel er hægt að hugsa sér að bæta við myndum af fötum og tala um í hvaða föt er best að nota miðað við veðrið.

Menntamálastofnun gefur öllum 3. ára börnum fæddum 2021 bókina Orð eru ævintýri. Með bókinni fylgdu stór spjöld sem sýna hverja opnu og einnig kassar með myndum og orðum. Búið er að útbúa málörvunartíma sem byggja á bókinni. Foreldrum er bent á vefsíðu sem var opnuð um daginn í tengslum við bókina <https://vefir.mms.is/ordatorg/>

Við fengum bókina um Bínu bálreiðu og ætlum við líka að nota hana í þessum tímum. Hún kennir börnum ýmsar boðskiptareglur sem eru undirbúningur til að nám geti farið fram. Eins og að sitja á stól, passa hendur og hlusta. Það er dálítil áskorun að sitja kyrr en með þjálfun tekst ýmislegt. Þetta er ekki langur tími sem við erum í þessari stund því þau hafa ekki mikið úthald, sem er eðlilegt á þessum aldri. Ákveðið var að nota ekki læsisstefnuna frá í fyrra því hún skilaði ekki nægilegum árangri.

Eftir það förum við út. Einn daginn förum í berjamó til að tína ber út á skyrið sem var í hádegismat. Það var ægilega gaman og mikil þjálfun fyrir litla kroppa að bröлта í þúfunum. Þegar við komum inn þá höfum við smá söngstund meðan maturinn er tekinn til. Við borðum hádegismat um 11:30 og eftir það er hvíldartími. Þá skiptist starfsfólk á að fara í sína hvíldarstund. Þegar börnin fara að vakna aftur er yfirleitt rólegur leikur t.d. perla eða lita, í minna herberginu fram að síðdegishressingu klukkan 14:30 og eftir það er oftast farið út.

Á Vinakoti eru 11 börn. Þar byrjar dagurinn yfirleitt á rólegri stund t.d. að skoða bækur, púsla og fleira. Síðan er þjónn dagsins fundinn með ýmis konar orðaleikjum á töflunni. Þar þjálfast börnin í að þekkja stafi og hljóð og skrifa nafnið sitt, þau skipta um dag og dagsetningu og við teljum, upp og niður fyrsti, annar og stundum líka á sænsku og ensku. Þegar komið er niður í matsal nær þjónninn í vagninn inn í eldhús og leggur á borð. Þar leggjum við inn tölur og þau telja hvað þarf mikið af leirtai á hvort borð. Stundum eru þeim rétt 3 glös og þau eru spurð hvað þau vanti mörg í viðbót. Smá stærðfræði. Eftir morgunmatinn er farið yfir dagskipulagið þann daginn og

aðstoðar þjónninn við það. Á mánudögum er Lubbastund með yngri hópnum. Á þriðjudögum fara elstu börnin í *Brúum bilið*. Þá kemur Indíana tónlistarkennari til okkar um kl 13:00 og er með tónlistarstund. Á fimmtudögum verða eldri börnin í verkefnavinnu sem byggist á æfingum í hljóðkerfisvitun. Á miðvikudögum höfum við aðgang að íþróttahúsinu frá 9:40 til 12. og vonandi náum við að nýta það. Í hvíldinni er oftast lesið er fyrir börnin og ef það koma ný orð eru þau útskýrð. Bókin Maddit og Beta eftir Astrid Lindgren er framhaldssaga núna og sýna börnin henni mikinn áhuga.

Frjálsi leikurinn á sinn stað á hverjum degi og þar þjálfast þau í að leysa ýmis mál sem koma upp. Félagsfærni og samskipti spila þar stóran hlut.

Útivera er mikil á Vinakoti og flesta daga farið út fyrir litlu lóðina okkar í gönguferðir. Þar eykst úthald og næmi fyrir umhverfinu. Smáatriði eins og fuglaspor í snjó eru skoðuð og breytingar í náttúrunni einnig. Laufin falla á haustin og koma aftur á vorin svo dæmi sé tekið. Það er búið að finna annan stað, norðan við íþróttahúsið, fyrir þetta skólaár, til að fylgjast með breytingum í tengslum við árstíðirnar.